

## **Sjálfsmatsskýrsla 2011 - 2012**

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu .....	3
1.2	Almenn stefna og markmið .....	3
2	Starfsemi skólans.....	4
2.1	Nám og kennsla .....	4
2.2	Námsmat .....	5
2.3	Þróunarvinna .....	5
2.4	Nemendur.....	5
2.5	Starfsfólk og starfsmannastjórnun .....	6
2.6	Aðbúnaður.....	6
3.	Samantekt og mat á árangri skólastarfs .....	6

## 1 Inngangur

### 1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Kvennaskólann í Reykjavík um innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla og tekur allt starf hans og uppbygging mið af þeim. Í því felst m.a. uppbygging nýrra námsbrauta sem byggja á hugmyndum um hæfnimiðað nám sem flokkast á tiltekin þrep og samningu nýrra áfangalýsinga í öllum áföngum. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaþjálfarar kennsluáferðir og leiðsagnarmat. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öflugu félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

### 1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaþjálfarar kennsluáferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Stundaskrá nemenda er sveigjanleg að því marki að daglega eru verkefnatímar þar sem nemandinn velur sér viðfangsefni. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að vera í góðum tengslum við umhverfið, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

## 2 Starfsemi skólans

### 2.1 Nám og kennsla

Á skólaárinu 2011-2012 voru framkvæmdar kennslukannanir hjá öllum kennurum skólans, helmingur kennara á hvorri önn, samtals í 56 hópum. Kannanirnar voru í formi matsfunda þar sem stjórnendur hitta nemendahópa og gefa þeim tækifæri til að tjá sig um jákvæðar hliðar kennslunnar og kalla eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður voru skráðar og hver kennari fékk niðurstöðurnar afhentar á fundi með stjórnendum.

Niðurstöðurnar sýndu að nemendur skólans eru almennt ánægðir með kennsluhætti og af því má draga þá ályktun að kennurum tekst vel upp með að starfa samkvæmt hugmyndafræði skólans. Matsfundirnir gefa ítarlegar upplýsingar um skólastarfið og þar sem matið fer fram í samræðuformi eru stjórnendur í nánari tengslum við nemendur. Skoðanir á skólastarfinu verða skýrari og auðveldara er að bregast við því sem nemendur benda á heldur en þegar lagðir eru fyrir rafrænir spurningalistar, bæði hvað varðar þátttöku og gagnsemi niðurstaðna.

Gagnlegar ábendingar komu fram og voru þær ræddar einslega við hvern kennara fyrir sig og leiðir til úrbóta ákveðnar í sameiningu. Meðal þess sem kom fram á matsfundum með nemendum var að áhugi er fyrir því að nemendur fái einingu fyrir góða mætingu, að önninni ljúki með verkefnadögum þar sem samantektarverkefni eru unnin. Auk þess bentu nemendur á ýmis atriði sem betur mættu fara t.d. varðandi uppsetningu áfanga í kennslukerfi. Ákveðið var á kennarafundi í lok annar að verða við þessum ábendingum nemenda. Einnig má benda á að áhrif matsfundanna koma líka fram á óbeinni og almennari hátt því betri uppeldisaðferð í virku lýðræði er varla hægt að hugsa sér. Nemendur venjast því frá upphafi skólagöngunnar að það er ætlast til að þeir láti skoðanir sínar í ljós og þeir vita

jafnframt að á þá er hlustað og umbætur gerðar þegar rök eru fyrir þeim. Reynslan af matsfundunum er mjög góð og ýtir undir og hjálpar til við að gera nemendur sjálfstæða í skoðunum og gera þá færa um að koma skoðunum sínum á framfæri á málefnalegan hátt.

## 2.2 Námsmat

Námsmat í skólanum tekur mið af hugmyndum um leiðsagnarmat, nemendur skila verkefnum og taka stuttar kannanir jafnt og þétt yfir alla önnina. Námsmatið er í formi umsagna frá kennurum og eru leiðbeinandi fyrir nemendur auk þess sem það gefur þeim tækifæri til að bæta árangur sinn. Í október og í mars fá nemendur miðannarmat þar sem gefnar eru einkunnir í bókstöfunum A, B, C og D. Í lok annar fá nemendur einkunnir í heilum tölum. Á kennarafundi í lok vorannar var rætt um hvort breyta ætti miðannarmatinu þannig að nemendur fái mat 2 sinnum á önn í stað 1 sinni. Eftir miklar umræður var ákveðið að hafa matið óbreytt að svo stöddu.

## 2.3 Þróunarvinna

Þróunarvinna hefur verið í gangi frá stofnun skólans t.d. við gerð námskrár, þróun nýrra áfanga, kennsluhátta og á notkun leiðsagnarmats. Mat hefur verið lagt á flesta þætti þróunarvinnunnar en ekki verið hluti af sjálfsmatsáætlun skólans. Þeir þættir sem metnir hafa verið eru t.d. endurskoðun allra áfangalýsinga, áfangar hafa verið tímamældir með tilliti til einingafjölda og þrepaskipting áfanga hefur verið endurskoðuð.

Ákveðið hefur verið að setja mat á þróunarvinnu inn í sjálfsmatsáætlun skólans til næstu þriggja ára.

## 2.4 Nemendur

Á báðum önnum voru lagðar fyrir viðhorfskannanir hjá nemendum. Í þeim var spurt um upplifun nemenda af kennslunni, kennsluaðferðum, námsmati, vinnuálagi, líðan í skólanum, félagslífi og hvernig þjónusta sem í boði er nýtist þeim. Þegar niðurstöður lágu fyrir var haldinn húsfundur með nemendum og starfsfólki þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og ræddar. Eins og fram kom í síðustu sjálfsmatsskýrslu voru nemendur ekki nógu duglegir að nota vefpóstinn og var ákveðið að kennarar legðu sérstaka áherslu á það við sína nemendur að fylgjast reglulega með vefpóstinum.

Niðurstöður nú benda til að þetta hafi borið árangur en fjöldi þeirra nemenda sem kíkja einu sinni á dag eða oftár á vefpóstinn sinn fór úr 58% í 69%. Nemendur óskuðu eftir því

að seldir yrðu ávextir í skólanum og umræða um það fór fram á húsfunði. Ákveðið var að ekki væri hægt að verða við þessari ósk fyrr en skólinn flyst í nýtt húsnæði. Annars voru nemendur almennt ánægðir og leið vel í skólanum.

## 2.5 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Starfsmannastjórnun er í höndum skólameistara. Vikulega eru haldnir kennarafundir þar sem allir starfsmenn fá tækifæri til að tjá sig um kennsluna og líðan í starfi. Allir kennarar fá persónulegt viðtal við skólameistara í kjölfar matsfunda (sjá 2.1).

Á vorönn var gerð könnun á líðan starfsmanna. Spurt var m.a. um upplifun starfsmanna á starfsanda, faglegu starfi, stjórnun, vinnuálagi ofl. Niðurstöður benda til að almenn ánægja er á meðal starfsmanna en þeir upplifa mikið vinnuálag. Álagið tengist fyrst og fremst slökum mætingum nemenda og verkefnaskilum. Einnig nefna nokkrir kennarar að mikið álag tengist verkefnagerð, yfirferð verkefna og námsmati. Einnig kom fram að kennarafundir mættu vera markvissari og unnið væri betur úr þeim málum sem þar eru rædd. Fram kom að endurskoða þyrfti umsjónarkennarakerfið þar sem sá tími sem ætlaður er í þá vinnu dugir ekki til að sinna því sem þarf.

Ákveðið var á kennarafundi í lok annar að gera tilraun með viðbótarumsjón erkiumsjón, fyrir nokkra nemendur sem þurfa meira aðhald. Kennarafundir verða með örlítið breyttu sniði á næstu önn til að koma til móts við óskir starfsmanna. Breyting verður gerð á móttöku nýnema á næstu önn í samræmi við niðurstöður úr könnuninni. Markmiðið er að leggja reglulega fyrir starfsánægjukönnun og verður hún sett inn í sjálfsmatsáætlun skólans.

## 2.6 Aðbúnaður

Skólinn er í bráðabirgðahúsnæði og vinnuaðstaða nemenda og kennara er ófullnægjandi. Þess vegna er óraunhæft að meta aðbúnað í skólanum þar til ný bygging verður tekin í notkun.

## 3. Samantekt og mat á árangri skólastarfs

Í sjálfsmatshópi FMOS eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og tveir kennarar. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber hópurinn ábyrgð á að

sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Niðurstöður þeirra kannana sem lagðar voru fyrir voru gagnlegar fyrir skólastarfið í heild og höfðu í för með sér nokkrar umbætur á skólastarfinu eins og lýst er hér að framan.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Helena María Smáradóttir, enskukennari

Inga Þóra Ingaðóttir, náms- og starfsráðgjafi

Sverrir Árnason, íslenskukennari